



Efni: Umsögn Múlaþings við kynningu matsáætlunar vegna Gilsárvirkjunar í Eiðapinghá.

Inngangur

Orkusalan ehf. áformar byggingu 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðapinghá í Múlaþingi. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins með erindi, dags. 28. febrúar 2024, samkvæmt 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umsögn sveitarfélagsins skal, í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, gera grein fyrir því hvort gerð sé athugasemd „við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.“

Varðandi efnistöð og umfjöllun vill heimastjórn Fljótshéraðs benda á eftirfarandi atriði sem ástæða er til að hafa í huga við gerð umhverfismatsins.

Fyrirhuguð matsáætlun gefur til kynna að brugðist verði við eftirfarandi athugasemdum sem heimastjórn Fljótshéraðs gerði við matsskyldufyrirspurn áformanna. Þær eru þó áréttáðar hér.

- Staðsetning stöðvarhúss er staðsett ofan við Nykurfoss m.a. til þess að draga úr neikvæðum ásynðaráhrifum. Æskilegt væri að frekari greining á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar liggi fyrir til þess að hægt sé að meta þennan þátt. Hvaðan má vænta þess að sjónrænna áhrifa kunni að gæta? Verður framkvæmdin ekki sýnileg neinum nema fuglinum fljúgandi?
- Tekið er undir með Umhverfisstofnun um að betur verði fjallað um votlendið í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að forðast eða lágmarka rask sem og mögulegar mótvægisáðgerðir.
- Heimastjórn tekur undir það sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað varðar mikilvægi frekari rannsókna á lífríki Gilsár, bæði botndýra- og fuglalíf. Eins að sett verði upp vöktunaráætlun vegna mögulegs gróðurs- og jarðvegsrofs við inntakslónið.

Heimastjórn leggur áherslu á að unnið verði hættumat vegna mögulegra flóða í Gilsánni m.a. þar sem í áætluninni er fjallað um stærð yfirfalls miðað við vorflóð og hamfaraflóð, sbr. kafli 2.3.

Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Ofangreind umsögn var samþykkt á 44.fundi heimastjórnar Fljótshéraðs þann 7. mars 2024.

Virðingarfyllst,

Sóley Valdimarsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

Umsögn

Tilvísun 2020-690 – 22.12

3. apríl 2024



Land og skógur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Gilsárvirkjun í Múlapingi. Matsáætlun. Mnr. 226/2024

Landi og skógi barst til umsagnar matsáætlun fyrir Gilsárvirkjun í Múlapingi. Umsögn stofnunarinnar byggir lögum um Land og skóg (66/2023) og Landi og lífi, stefnu íslenskra stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar er áhrifasvæði virkjunarinnar í votlendi. Í því sambandi er rétt að áréttu að votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Því verður að fjalla sérstaklega um votlendið í umhverfismatinu og meta það m.t.t. fyrirhugaðs rasks. Jafnframt gera grein fyrir því hvernig rask í votlendi verði lágmarkað, sem og mótvægisáðgerðum. Hér er rétt að áréttu mikilvægi þess að endurheimta sömu eða sambærileg vistkerfi og raskast eða eyðast vegna framkvæmdanna sé þess kostur. Það sama gildir um bakkagróður og hvernig náttúrulegum eða sambærilegum bakkagróðri verði viðhaldið við miðlunarlón og áhrifasvæði virkjunarinnar.

Að öðru leyti gerir Land og skógur ekki athugasemdir við matsáætlun vegna Gilsárvirkjunar í Múlapingi.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.
Virðingarfyllst, f.h. Lands og skógar,

Davíð Arnar Stefánsson

9. apríl 2024

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn um matsáætlun fyrir 6,7MW virkjun í Gilsá á Héraði

Með vísan í erindi skipulagsstofnunar dags. 28.2.2024 hvar óskað var umsagnar HAUST um ofangreinda matsáætlun. Greinargerð til umsagnar var unnin af verkfræðistofnunni Eflu dags. 27.2.2024.

Umsögn HAUST er unnin á grunni laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á lögum byggja.

Í kafla 2.8 í greinargerðinni er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð, þar segir:

Heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í greinargerð kemur fram að ekki sé fyrirhugað að setja upp vinnubúðir í tengslum við framkvæmdina vegna nálægðar við Egilsstaði.

HAUST tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar dags. 21.3.2024 er varðar skuldbindingar samkvæmt lögum um nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki aðrar athugasemdir við matsáætlun eins og hún er framsett.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. apríl 2024
Tilvísun: OS2024020128
Skjalnúmer: 416434

Efni: Matsáætlun vegna áforma um 6,4 MW Gilsárvirkjun í Eiðapinghá í Múlapingi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 28. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um matsáætlun vegna áforma Orkusölnunnar ehf. um 6,7 MW Gilsárvirkjun á Héraði, í Eiðapinghá í Múlapingi með vísun til 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Í erindinu er óskað eftir því að í umsögn komi fram hvort stofnunin hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telji að gera þurfi frekari skil eða haft sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Jafnframt er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Fyrirhugað er að stífla Gilsá í um 360 m hæð og mynda með því 1,6 ha inntakslón með tæplega 0,05 GJ dægurmiðlunargetu. Miðað er við að veita allt að 3,0 m³/s rennsli um ríflega 6 km langa pípu, 1,2-1,3 m að þvermáli, að stöðvarhúsi sem reist verði í gili árinna í um 84 m.y.s. Þá er áformað að veita tveimur ám, Innri- og Ytri Lambadalsám í pípulögn, annars vegar með 280 m og hins vegar 580 m safnlögnum. Áformað afl virkjunar er 6,7 MW.

Orkustofnun vísar til og ítrekar ábendingar sem voru fram lagðar í umsögn um matsskyldu þessarar framkvæmdar, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 14. nóvember 2023, varðandi atriði sem stofnunin telur að þurfi að kanna betur og/eða skýra áður en sótt er um virkjunarleyfi til Orkustofnunar, ef af verður, en ekki verður séð að tekið hafi verið tillit til þess, að öllu leyti. Stofnunin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða matsáætlun.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar

Kristján Geirsson,
sviðsstjóri
Sjálfbær auðlindanýting
Rafræn undirskrift

Skipulagsstofnun

Selfossi 11. mars 2024

Mál: 2024-02-0078

Efni: Umsögn vegna matsáætlunar Gilsárvirkjunar.

Skipulagsstofnun hefur leitað umsagnar Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar fyrir Gilsárvirkjun í Eiðabíngi í Múlþingi. Meðfylgjandi var matsáætlunin dagsett 27. 2. 2024.

Áformað er að reisa vatnsaflsvirkjun í Gilsá á Héraði, Gilsárvirkjun. Virkjað rennsli er um 3 m³/s og fallhæð er um 277 m og uppsett afl allt að 6,7 MW. Með Gilsárvirkjun verður Gilsá á Héraði virkjuð með stöðvarhús rétt ofan Nykurfossa. Myndað verður inntakslón og vatni veitt til virkjunar og frárennslis frá stöðvarhúsi verður um 6 km neðar í farveginum. Gert er ráð fyrir að reist verði jarðvegsstífla. Ráðgerð efnisþörf verði 60.000 m³. Efni til framkvæmda verði tekið úr nýjum námum nærri virkjunarsvæðinu.

Gilsá er fiskgeng laxi og silungi að Nykurfossum. Neðan ármóta við Núpsá breytir áin um nafn og nefnist Selfljót allt til ósa í Héraðsflóa. Frárennsli virkjunar er ofan við fossinn. Rennsli verður verulega skert á 6 km kafla frá inntakslóni að frárennsli virkjunar. Um er að ræða rennslisvirkjun með dægurmiðlunarmöguleika, einkum að vetrarlagi þegar rennsli er lítið. Vatni verður þá safnað í inntakslón að næturlagi en veitt úr því til virkjunar að degi til. Við þessar aðstæður rennur ekkert vatn í gegnum virkjunina hluta sólarhringsins og skerðir það rennsli alls staðar neðar í farveginum. Þessara dægursveiflna gætir því einnig á fiskgengum svæðum.

Svo er að sjá að efnistökusvæði séu áætluð í eða mjög nærri farvegi árinna (mynd 2.1. í matsáætlun). Gera þarf betur grein fyrir fyrirhugaðri staðsetningu efnistöku, framkvæmd hennar og áhrifum. Einnig hvort hún hafi áhrif á lífríki í vatni. Efnistaka í eða nærri árfarvegum getur haft áhrif á lífríki í vatni og ætti að forðast slíkt eins og kostur er.

Ljóst er að neðan virkjunar verður rennsli óstöðugra og áhrifin geta verið langt niður eftir ánni. Hafrannsóknastofnun telur að gera þurfi vel grein fyrir þessum þáttum ásamt mótvægisáðgerðum. Stofnunin telur einnig að gera þurfi vel grein fyrir rennlisháttum í farvegum bæði neðan inntakslóns og á fiskgengum svæðum árinna. Ekki er ljóst hvernig rekstur virkjunarinnar verði háttáð að öðru leyti en því að væntanlega verði talsverður munur í rennsli neðan virkjunar vegna dægursveiflna. Allar líkur eru til að þau áhrif nái allt til ósa. Þegar áhrif eru metin er mikilvægt að rekstraráætlanir liggi fyrir a.m.k. hvað varðar rennslisstýringar þar sem áhrif á lífríki eru jafnan meiri ef rennsli er óstöðugt og rennslisbreytingar hraðar.

Hafrannsóknastofnun bendir á að samkvæmt skv. 1. mgr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 eru framkvæmdir í eða við veiðivatn háðar leyfi frá Fiskistofu. Umtalsverð veiðinýting er í

Gilsá og Selfljóti. Meðallaxveiði á árunum 1985-2022 42 laxar (15-122) meðal urriðaveiði er 102 (1 – 125) og meðal sjóbleikjuveiði er 273 bleikjur (47-532). Hrygning og uppeldi seiða fiskstofnanna er í ánum og geta rennslisbreytingar haft áhrif á þá sem og fiskgend neðar á vatnasvæðinu. Mikilvægt er því að horft sé til alls vatnasvæðisins við mat á umhverfisáhrifum.

Þá bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Áður en farið er í framkvæmdir þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda eða starfsemi á vatnshlot til að mögulegt sé að meta hvort þau geti leitt til þess að vatnshlot nái ekki markmiðum laganna um gott vistfræðilegt ástand. Sérstaklega skal horfa til áhrifa á gæðapætti sem samþykktir hafa verið til ástandsflökkunar vatnshlota á Íslandi og þar er átt við vatnsformfræðilega, líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skal leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni vegna þeirra.

Þá vill stofnunin benda á að í 18. gr laga þessara er fjallað um að leita þarf til Umhverfisstofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr sömu laga. Nauðsynlegt er að gera rannsóknir á lífríki í vatni meta áhrif framkvæmda og rekstur virkjunar og huga síðan að mótvægisáðgerðum sem stuðla að því að áhrif framkvæmdanna verði sem minnst. Telja verður mikilvægt að fylgja leiðbeiningum laga um stjórn vatnamála til að megináhrifapættir liggi fyrir til að meta áhrifin. Dæmi um mótvægisáðgerðir í vatnsaflsvirkjunum er að tryggja að alltaf sé allavega lágmarks vatn í farvegum virkjaðra straumvatna þar sem ekkert vatnalífríki þrífst án vatns. Eins að rennslisveiflur vegna reksturs virkjunar verði þannig háttáð að þær valdi sem minnstum skaða á lífríki árinna.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Magnús Jóhannsson

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 18. mars 2024
Tilv.2024-03-04-0288/2.4.1

Efni: Varðar Gilsárvirkjun í Múlaþingi

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 28. febrúar sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi fram lagða matsáætlun vegna fyrirhugaðrar byggingar Gilsárvirkjunar í Múlaþingi, mál nr. 0226/2024. Fram kemur í fram lagðri matsáætlun að Gilsá sé fiskgeng upp að Nykurfossum, skammt ofan við Gilsárteig, og á því fiskgenga svæði má finna urriða, bleikju og lax. Með Gilsárvirkjun verður vatn leitt um 6 km leið eftir aðrennslispípu að stöðvarhúsi skammt ofan Nykurfossa og er áhrifasvæðið því utan fiskgengs hluta Gilsár. Fram kemur að ekki sé vitað til þess að fiska sé að finna ofan Nykurfossa. Gilsá er dragá með lítil lindaráhrif svo rennsli árinna er mjög breytilegt milli árstíða og margfaldast yfir sumarið þegar köld snjóbráð kemur niður úr fjöllum. Umtalsverðir veiðihagsmunir eru á vatnasvæði Gilsár.

Fram kemur að metið verði hvernig rennsli og vatnafar Gilsár muni breytast við framkvæmdirnar. Fiskistofa bendir á að metið verði hvaða áhrif rennslisbreytingar muni hafa á fiskstofna á framkvæmdatíma og einnig á rekstrartíma virkjunarinnar.

Fram kemur að metið verði hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd muni hafa á vatnalíf og fiskistofna Gilsár. Fiskistofa bendir á að rannsakað verði hvort fiska sé að finna á svæði ofan við Nykurfoss.

Fiskistofa tekur undir sjónarmið í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 11. mars 2024, um að forðast beri, eins og kostur er, að taka efni úr eða nærri árfarvegum.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Það á við um byggingu virkjunar í veiðivatni og efnistöku í eða við veiðivatn.

Virðingarfyllt,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

**Móttakandi**

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
jon.a.jonsson@skipulag.is

Efni: Gilsárvirkjun í Múlapingi

Vísað er til erindis dagsett þann 28. febrúar, frá Skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda matsáætlun varðandi Gilsárvirkjun.

Vegagerðin vísar í fyrri umsögn um ofangreint mál, sem er hér meðfylgjandi.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Jón Valgeir Sveinsson
Deildarstjóri
Tæknideild Austursvæðis

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is

**Móttakandi**

Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is**Efni: Umsögn vegna greinagerðar varðandi matsskyldu
Gilsárvirkjunar**

Vísað er til erindis dagsett þann 5. október frá Skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda greinargerð um Gilsárvirkjun.

Í greinargerð kemur fram að nota eigi Gilsárteigsveg og nýta svo slóða sem liggur upp eftir dalnum. Gilsárteigsvegur er héraðsvegur. Brú er á Gilsárteigsvegi sem er aðeins 3 m breið og er 11,5 m löng.

Styrkja á slóða, þar sem hann er þegar til staðar og gera svo nýjan veg síðasta kílómeterinn.

Vegagerðin bendir á Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Flutningar á þungum aðföngum gætu þurft sérstakt eftirlit og undanþágu. Bæði á það við um Gilsárteigsveg, brúna yfir Gilsá og aðra vegi sem aðföng eru flutt frá og að framkvæmdarsvæði.

Áður enn Vegagerðin getur tekið afstöðu til framkvæmdarinnar þarf að liggja fyrir tegund umferðar um vegakerfið sem og heildarþyngd ökutækja. Jafnframt er bent á að reikna þarf sérstaklega burðarþol brúar yfir Gilsá með þeim forsendum sem frá framkvæmdaraðila kemur um umfang og þyngd flutnings að framkvæmdarsvæði.

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Valgeir Sveinsson

Deildarstjóri

Tæknideild Austursvæðis

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2024
UST202403-017/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsáætlun - Gilsárvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Í greinargerð kemur fram að Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðapinghá í Múlapingi. Framkvæmdin, sem um ræðir, er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar 3,0 m³ /s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu (mest um 12 m há og 160 m löng) og stöðvarhúss (150 m² að stærð) og allt að 10 m hátt, lagningu slóða (6,5 km) og 6.100 m langrar aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnisþörf er 60.000 m³. Inntakslón verður um 1,6 ha. Lónið mun að meirihluta takmarkast við núverandi árfarveg og ná yfir um 0,7 ha. af grónu landi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn dags. 3. nóvember sl. til Skipulagsstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.¹

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að samfelld votlendi yfir 2 ha. nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en á neðri hluta svæðisins fer pípuleiðin um jaðar votlendissvæðis á gilbrúninni en verður að mestu í mel, en þó þarf að fara í gegnum votlendi á nokkrum stöðum þar sem vatn rennur niður í gilið.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er votlendi á svæðinu sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

¹ [Matsskyldufyrirspurn Gilsárvirkjun](#)

Umhverfisstofnun getur tekið undir að á jaðri svæðisins getur verið þurrt svæði, en þess bera að geta að kortasjá NÍ er í kvarðanum 1:25.000. Umhverfisstofnun telur að við gerð skurða geti svæðið drenast og valdið raski á votlendi. Því telur Umhverfisstofnun, vegna nálægðar við votlendi, óljóst hvort votlendi verði raskað og því mikilvægt að það sé skoðað vel.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í umhverfismatsskýrslunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Framkvæmdaleyfi vegna röskunar á votlendi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Því er mikilvægt að skoða hver áhrif framkvæmdarinnar er á bakkagróður

Fossar

Umhverfisstofnun bendir á að huga þarf að fossum en þeir njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Fjalla þarf um hvort framkvæmdin muni raska rennsli um fossa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á fossum sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á fossum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig þarf að koma fram, ef endanleg framkvæmd gerir ráð fyrir raski á fossum, hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.

Efnistaka

Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir að heildarefnispörf við virkjunarframkvæmdirnar verði um 60.000 m³. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að jarðvegskönnun fari fram. Umhverfisstofnun bendir á að óathuguðu máli er erfitt að segja til um efnisgæði, sérstaklega í skeringum þar sem oft er óvissa um efnisgæði. Varðandi frágang ætti ekki að leggja áherslu á að slétta röskuð svæði heldur móta þau þannig að yfirborð og lögung sé í sem mestu samræmi við óraskað land. Hafa þarf í huga að ef land er „of“ slétt getur það gert gróðri erfitt að festa rætur á viðkomandi svæði.

Einnig bendir stofnunin á að huga þurfi að því að ekki er gott malarefni á lausu í nágrenninu.

Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi þar sem allt rask, mannvirki, stífla, lagnir, vegir, lón geta haft neikvæð áhrif á ásýnd og landslag er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Umhverfisstofnun leggur það til að unnin sé mynd sem sýnir lónið með fulla vatnshæð og í lægstu stöðu. Auk þess er mikilvægt að sýna stöðvarhúsið á yfirborði og niðurgrafið ef hægt er.

Einnig þarf að fjalla um hvort hluti aðrennsluspípu sé sjáanleg á einhvern hátt á yfirborði eða hvort hún sé öll niðurgráfin. Auk þess þarf að umhverfisstofnunar að sýna líkanmynd af stíflu með vatnsrennsli á yfirfalli og fullu lóni.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem

best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis."

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að í matsáætlun er hvergi vísað í skuldbindingar samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en umhverfismarkmið vatnhlota samkvæmt lögnum eru útfærð í Vatnaáætlun 2022-2027 sem gefin var út af Umhverfisstofnun. Samkvæmt 28. gr. laga um stjórn vatnamála skulu leyfin sem veitt verða vegna framkvæmdarinnar vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Vatnshlotin, sem eru innan framkvæmdasvæðisins, eru Gilsá 2 (102-1225-R) og Gilsá 1 (102-1109-R). Umhverfisstofnun bendir á að á bls. 34 í matsáætlun kemur fram að bæði vatnshlotin séu með *mjög gott* vistfræðilegt ástand og *gott* efnafræðilegu ástandi. Stofnunin bendir á að bæði vatnshlotin hafa verið flokkuð í *mjög gott* vistfræðilegt ástandi út frá ákveðnum líkindum en þörf er á frekari gögnum til að staðfesta þá ástandsflokkun. Efnafræðilegt ástand vatnshlotanna hefur ekki verið metið. Umhverfismarkmið beggja vatnshlotanna eru *mjög gott* vistfræðilegt ástand og *gott* efnafræðilegt ástand (<https://vatnavefsja.vedur.is/>). Hér gætir því misskilnings um raunástand og umhverfismarkmið vatnshlotanna. Umhverfisstofnun vill benda sérstaklega á þetta þar sem ekki er hægt að taka afstöðu til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nema búið sé að staðfesta vistfræðilegt ástand.

Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að þar sem skv. lýsingu framkvæmdar í matsáætluninni er *mjög ólíklegt* að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist (t.d. þegar straumvatni er breytt í stöðuvatn) og því þarf að skoða hvort framkvæmdaraðili þurfi að sækja um heimild Umhverfisstofnunar til breytingar vatnshlots skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun vekur athygli á umfjöllun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 3/2023 Hvammsvirkjun frá 15. júní 2023² um þetta ákvæði þar sem m.a. er bent á skyldur samkvæmt lögum um stjórn vatnamála vegna mögulegra breytinga á vatnshlotum vegna nýrra framkvæmda og virkjanaleyfi var fellt úr gildi. Að auki var framkvæmdarleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Hvammsvirkjunar fellt úr gildi (mál 74/2023).

Í matsáætluninni eru lagðar fram matsspurningar, þ.e. hvernig rennsli og vatnafar Gilsár muni breytast við framkvæmdir, hver áhrif Gilsárvirkjunar á vatnshloti Gilsár verði sbr. lög um stjórn vatnamála og hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd hafi á vatnalíf og fiskistofna Gilsár. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaðar matsspurningar þurfi að vera nákvæmari og til þess fallnar að svara þeirri spurningu hvort og hvernig fyrirhuguð virkjun muni breyta vistfræðilegu ástandi vatnshlotanna og hvort umhverfismarkmið þeirra náist vegna framkvæmdarinnar.

Í matsáætluninni kemur fram að yfir vetrartímamann verði rennsli í Gilsá *mjög lítið* og fyrirhugað er að notast við dægurmiðlun, þ.e. vatni verður safnað í lón yfir nóttina þegar raforkunotkun

² <https://uua.is/urleits/3-2023-hvammsvirkjun/>

er í lágmarki en svo hleypt í gegn yfir daginn. Þá mun lítið eða ekkert vatn renna í gegnum virkjunina hluta sólarhrings og við það skerðist rennsli alls staðar neðar í farveginum. Áhrifin eru mest næst stíflunni þar sem búast má við að farvegurinn verði nær þurr.

Umhverfisstofnun bendir á að rannsaka þarf þá gæðabætti sem lagðir eru til grundvallar ástandsflokkunar straumvatna af gerðinni RL1 og kom fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veðurstofu Íslands.³ Jafnframt er mikilvægt að meta vatnsformfræðilega gæðabætti og áhrif fyrirhugaðra breytinga á t.d. rennsli, rennslissveiflur, svifaur og samfellu árinna.

Framkvæmdaraðili þarf að sækja um starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austfjarða sem og virkjanaleyfi Orkustofnunar. Í því samhengi er bent á að í 3. mgr. 28. gr. nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir:

„Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort og hvernig framkvæmdin hafi áhrif á vatnshlot þarf að gera áhrifamat en nauðsynlegt er að það liggi fyrir áður en sótt er um framkvæmdaleyfi:

- Skýra þarf tilganginn með áhrifamatinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Fjalla um vatnshlotin sem um ræðir, stöðu þeirra (óflokkað/ flokkað?) og fleira ef þarf.
- Fjalla þarf bæði um vatnshlot verða fyrir beinum sem og óbeinum áhrifum vegna framkvæmdarinnar.
- Fjalla um alla viðeigandi gæðabætti í straumvatnshlotum (gerð RL1) sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðabætti.
- Fjalla þarf um áhrif á vatnsformfræðilega gæðabætti og áhrif þeirra á líffræðilega- og eðlisefnafræðilega gæðabætti.
- Gera þarf áætlun um að staðfesta vistfræðilegt ástand áður en framkvæmdir hefjast. Matið þarf að byggja á þeim gæðabáttum sem eru notaðir til ástandsflokkunar
- Umfjöllun um hugsanlegar mótvægisaðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það er hætta á því að ástand versni eða ef að vatnshlotið nær ekki umhverfismarkmiðum vegna framkvæmdarinnar) og hvort þær mótvægisaðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.
- Fjalla um hvort að umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Fjalla þarf um hvort framkvæmdin kalli á heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

³ Eydís Salome Eiríksdóttir ofl. (2020, leiðrétt útgáfa 2022). [Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi](#). Veðurstofa Íslands VÍ 2020-009. 114 bls.

Meta þarf hvaða gæðapættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra t.d. áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti. **Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum.**

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartún 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. Mars 2024

Umsögn Landverndar um Gilsárvirkjun – matsáætlun

Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðarþinghá í Múlaþingi. Framkvæmdin sem um ræðir er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar allt að 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 6.100 m langrar aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnispörf er 60.000 m³.

Landvernd vill árétta í upphafi að umfang áformaðra framkvæmda er mun meira en svo að hægt sé að kalla verkefnið smávirksjun. Svæðið sem er sem fyrirhugað er að raska er mikið inngrip í lítt eða ósnortna náttúru þar sem fjölbreytt vistkerfi er að finna.

Áhrifaþættir

Fyrir liggur að ein allra stærsta áskorunin við áformaða framkvæmd er að meta hver áhrifin kunna að verða til lengri tíma á lífríki árinna sem nær allt frá upptökusvæði Gilsár til ósa við Héraðsflóa. Landvernd leggur því mikla áherslu á að ítarlegar rannsóknir fari fram á svæðinu með tilliti til lífríkis í ánni sjálfri sem og fjölbreyttra vistgerða sem svæðið hefur að geyma. Fuglalíf á einnig víða undir högg að sækja vegna framkvæmda og því er mikilvægt að skoða þær tegundir sem hafast við bæði í og við ána, má þar nefna straumendur og fiskiendur. Áhrif rennslisbreytinga í ánni eru einn veigamesti áhrifaþátturinn á vatnalíf árinna sem getur valdið hvað mestum neikvæðum áhrifum. Gilsá sem er þekkt stangveiðiá er fiskgeng allar frá ósum upp að Nykurfossi.

Eins og fram kemur í áætlunum framkvæmdaðila er um gríðarmikið inngrip að ræða þegar sýnt er að farvegur árinna verður tómur á um 6.1 km kafla allt frá október og fram út apríl. Vatnið fær hins vegar útreiknað í matsáætlun að streyma eftir farvegi sínum á þessum kafla og á yfirfalli frá maí og til september. Um áhrif þessa mikla inngrips á vatnasvið árinna þarf að fjalla ítarlega þar sem áhrifin kunna að ná langt út fyrir vatnasvið virkjunarinnar og til annarra hluta árinna sem fiskgengd er.

Þó framkvæmdaðili leggi út frá því að meginþungi framkvæmda verið við stíflustæði og lagningu pípa og stöðvarhúss þá eru sannarlega aðrar fórnir sem ætlað er að færa. Fram kemur að hvoru tveggja er áætlað að byggja upp nýja vegi og vinna sömuleiðis nýjar námur sem stefnt er að hafa nærri virkjunarsvæðinu. Landvernd leggur mikla áherslu á að hið umfangsmikla rask á jarðvegi vegna

framkvæmdarinnar verði rannsakað til hlítar bæði hvað varðar vistgerðir og votlendi. Meta þarf m.a. hver áhrif fljótandi vegalagningar með aðeins 50 cm burðarlagi hafa á votlend svæði á þessari leið og draga má í efa að vegur með svo þunnu burðarlagi geti staðið undir svo gríðarmiklum efnisflutningum inn á svæðið sem óhjákvæmilega leiðir af svo stórri framkvæmd. Leiða má líkum að því að til geti komið aukreitis landspjalla vegna þessarar vegagerðar á 6.5 km kafla sem verður að flokkast undir meiriháttar vegaf framkvæmdir. Í matsáætlun þessa skortir nánari upplýsingar vegna fyrirhugaðrar staðsetninga námusvæða.

Losun CO² v/ framkvæmda

Mikilvægt er að framkvæmdaðili setji fram tölur um losun CO² vegna framkvæmdar. Ljóst er að við slíkar framkvæmdir sem hér er líst mun eiga sér stað veruleg losun frá landi vegna mjög mikils jarðrasks, námur og flutningar á efni með flutningabilum auk útblásturs frá stórvirkum vinnuvélum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þá ber að taka fram að heildarefnisþörf er eitt, jarðrask, skeringar og fl. er annað og þegar saman er lagt þá mun verða veruleg losun frá landi vegna framkvæmdanna ekki síst þegar svo stórtæk vegagerð bætist við stífluframkvæmdina sjálfa ásamt stöðvarhúsi. Þá liggur fyrir að mikið jarðrask mun fylgja línulögn frá svæðinu í allt að 14 km leið auk pípulagnar yfir 6 km. Engin framkvæmd af slíkri stærðargráðu á að komast upp með að gera ekki skil á áætlaðri losun CO². Ekki er tilgreint hvert þurfi að sækja efni af misjafnri kornastærð sem setja þarf með pípum en þar verður um umtalsvert efnismagn að ræða.

Landslag og ásýnd

Í Matsáætlun vantar mun betri afstöðumyndir af stíflumannvirki svo hægt sé að gera sér grein fyrir áhrifum á landslag og umhverfi. Í þessum efnum er sérstaklega bagalegt vanta skuli tilgátumynd af stíflumannvirki að framan með ásýnd inn í dalinn í augnhæð eða lágflugi frá árbakka þaðan sem meginupplifun þeirra er sem fara um svæðið verður. Sannarlega mun 13 m hæð á stíflumannvirki hafa umtalsverð ásýndaráhrif og þá ekki síst 100 m langur stíflugarður sem mun án vafa marka ásýnd dalsins.

Aðalskipulag

Undir liðnum Aðalskipulag kemur m.a. eftirfarandi fram:

Í stefnu sveitarfélagsins segir að:

„Auðlindanotkun sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja miði að því að draga sem mest úr notkun jarðefnaeldsneytis um leið og áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa.

Mikið bakslag hefur orðið hvað þetta varðar og er nú komið svo að atvinnulíf á Austurlandi hefur mátt búa við raforkuskort undanfarin ár sem veldur því að fyrirtæki hafa í sífellu þurft að brenna þúsundum tonna af olíu til raforkuframleiðslu. Í vetur hafa fyrirtæki á Austurlandi keypt nýja olúkatla og búa sig undir að brenna olíu til raforkuframleiðslu í vetur og næstu ár”

Hér ættu framkvæmdaðilar og skýrsluhöfundar að sjá að sér því þessi staðhæfing um orkuskort er ekki bara villandi heldur beinlínis með öllu tilhæfulaus. Landvernd vill áréttta að það hefur ekki verið brennt jarðefnaeldsneyti á Austurlandi vegna orkuskorts á liðnum árum, heldur vegna þess að viðkomandi fyrirtæki völdu að kaupa ótrygga orku í stað forgangsorku og brenna olíu í staðinn þar

sem hún er ódýrari kostur. Ef skýrsluhöfundar vilja fá staðreyndar upplýsingar um þessi mál má leiðbeina þeim með að snúa sér beint til Landsvirkjunar og fleiri aðila eftir atvikum hvernig þessum málum er háttað en mikil upplýsingaóreiða hefur verið tengt umræðu um meintan orkuskort. Það er raunverulega mjög alvarlegt að í Matsáætlun þessari sé reynt að undirbyggja þessa framkvæmd á fölskum forsendum um raforkuskort, þegar sýnt hefur verið að það hefur steytt á í þessum málum gagnvart allt öðru en raforkuskorti.

Meðfram öðru má geta þess að nú liggur fyrir að auk alls hefur Landsnet verið að bæta flutningskerfi raforku einmitt til þeirra svæða sem hafa verið að brenna olíu af allt annarri ástæðu en vegna orkuskorts. Hvergi á byggðu bóli er einmitt raforkuframléiðsla eins mikil og á Austurlandi og þar ofan á fer sömuleiðis langmest forgörðum af ónýttri orku sem bæði Landsvirkjun og Landsnet geta staðfest. Þessi alhæfing í skýrslunni um orkuskort og brennslu jarðefnaeldsneytis á Austurlandi er því ekki boðleg og gjaldfellir mjög Matsáætlun þessa og er því mælst til þess að Skipulagsstofnun geri alvarlegar athugasemdir við þennan kafla.

Í Matsáætlun er ekki minnst á að viðkomandi verksmiðjur á Austurlandi hafi ætlað sér aðeins að kaupa ótrygga orku / skerðanlega orku. Það að Gilsárvirkjun muni skipta einhverju máli í því að tryggja verksmiðjum á Austurlandi orku er ekki trúverðug skýring því eftir sem áður munu bræðslurnar reyna á að kaupa skerðanlega orku og tæplega ætlar Orkusalan að reisa þessa virkjun til að selja orku á hrakvirði. Nú þegar orkufyrirtækin flest hver hafa fengið því framgengt að koma á svokölluðum samkeppnisorkumarkaði þá er langsótt að Orkusalan muni spila á þeim markaði með öðrum hætti en aðrir og því er það ekki beinlínis sannfærandi að 6.5MW virkjun muni verða einhver áhrifavaldur til þess að skaffa fiskimjölsverksmiðjum orku á undirvirði. Staðreyndin er sú að allar virkjanir af þessari stærðargráðu selja inn á almenna raforkukerfið í þeirri von að hámarka andvirði þeirrar raforku sem framleidd er. Landvernd gerir því þær kröfur að allar staðhæfingar skýrsluhöfunda undir þessum kafla verði fjarlægðar með eftirfylgni Skipulagsstofnunar.

Deiliskipulag

Ekki verður annað séð en að sveitarfélaginu Múlaþingi hafi legið töluvert á í afgreiðslu skipulagsmála vegna Gilsárvirkjunar en þó á sama tíma hafa einnig settir fram fyrirvarar við endanlega afgreiðslu skipulagsins. Hér má spyrja hvað sveitarfélagið muni gera verði ekki fest í sessi ný lög um það sem hér er kallað „sanngjörn gjöld“? Á þessu stigi máls hefði sveitarfélagið hins vegar í öllu falli átt að láta sér skipulagslýsingu duga og bíða eftir áliti skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar.

„Fyrir liggur bókun frá fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs, dags. 06.11.2023, varðandi tillögu er varðar breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 -2028

Eftirfarandi tillaga lögð fram: Skipulagsfulltrúa falin framkvæmd málsins.

Við endanlega afgreiðslu málsins skal horft til þess að tekin hafi verið afstaða til þess að sanngjörn gjöld af nýtingu auðlindarinnar er tengjast mögulegum virkjunum hafi verið fest í lög.”

Og í framhaldi

„28.11.2023 Sveitarstjórn Múlaþings samþykkti 15. nóvember 2023 að kynna skipulags- og

matslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 fyrir Gilsárvirkjun samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010”

Að þessu sögðu kemur fram í matsáætlun í lið 3.2.3. að nú þegar sé unnið sé að deiliskipulagi en í aðalskipulagskaflanum á undan aðeins áréttað að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi. Hér á hið fornkveðna við að rétt skuli að vinna deiliskipulag á grunni aðalskipulags. En að því slepptu má telja gagnrýnivert af sveitarfélagi að ganga svo langt í skipulagsmálum sem og var get á fundi 06.11.2023 þegar ekki lá fyrir svar frá Skipulagsstofnun hvort framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum sem voru þó yfirgnæfandi líkur á að yrði niðurstaða, sem var svo staðfest í janúar 2024.

Það væri til marks um meðalhóf í afstöðu til náttúruverndar ef sveitarfélagið Múlaþing hefði sagt staðar numið við framvindu skipulags vegna Gilsárvirkjunar þar til niðurstaða umhverfismats liggur fyrir, en svo er ekki.

Að lokum

Í umsögn þessari hefur Landvernd komið inn á nokkur mikilvæg atriði sem hafa ber í huga við gerð umhverfismatsskýrslu. Það er hins vegar álit Landverndar að sú megin röksemd sem færð er fyrir Gilsárvirkjun að hún verði byggð vegna orkusorts á grunni þess að verksmiðjur innan Austurlands hafi kosið olíu umfram kaup á forgangsorku þá hvetur Landvernd hugmyndafræðinga þessa verkefnis að endurskoða hug sinn og falla frá virkjanaáformum í Gilsá.

Með vinsemd og virðingu,

*f.h. stjórnar Landverndar
Þorgerður María Þorbjarnardóttir*

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 27. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0088
IAS

Efni: Gilsárvirkjun, matsáætlun

Við er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 28. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun Gilsárvirkjunar.

Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðþinghá í Múlaþingi. Framkvæmdin sem um ræðir er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 6.100 m langrar aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnisþörf er 60.000 m³. Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og kemur með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Framkvæmdin er ekki á neinum verndarsvæðum en framkvæmdin kemur til með að hafa áhrif á bæði fossa og votlendi, 20.000 m³ að flatarmáli eða stærri, sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög 60/2013). Fjalla þarf um þá fossa sem um er að ræða og áhrifin sem framkvæmdin mun hafa á þá og ásýnd þeirra. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er votlendi á framkvæmdasvæðinu en þess ber að geta að skekkja getur verið í vistgerðakortinu þegar það er notað á svo nákvæmum mælikvarða og því er líklegt að mat á votlendi sem raskast við framkvæmdina sé ekki alveg nákvæmt. Því er nauðsynlegt að gróður verði kortlagður og metið hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á votlendi og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi. Þá þarf að kanna hvort sjaldgæfar plöntutegundir finnast á svæðinu.

Almennt þarf að gera betur grein fyrir breytingum sem verða á landslagi með tilkomu virkjunarinnar, sérstaklega á pípuleiðinni vegna lagfæringa og breytinga á slóða upp dalinn og vegna hliðarinntaka í Ytri- og Innri_Lambadalsá.


Jákvætt er að fyrirhugað er að Náttúrustofa Austurlands geri frekari rannsókn á áhrifum á straumönd sem er ábyrgðartegund Íslands. Áhrif virkjunar á annað lífríki í Gilsá er einnig líklegt til að hafa áhrif á straumendur og því er æskilegt að botndýralíf í Gilsá verði einnig kannað og hversu mikil áhrif rennslisbreytinga á það lífríki geti orðið. Þá þarf að fjalla betur um vöktun á áhrifum sem framkvæmdin hefur á lífríki Gilsár.

Talið er að heildarefnisþörf við virkjunarframkvæmdirnar, umfram það efni sem fæst úr skurðum og skeringum, verði um 60.000 m³. Það efni á að koma úr námum í dalnum en gera



þarf betur grein fyrir umfangi efnistökkunnar á hverjum stað. Þar sem líklegt er að jökulruðningur og aðrar setmyndanir verði fyrir raski er rétt að fram komi hvar þær námur eru og hversu mikið rask á jarðminjum verður utan framkvæmdasvæðisins. Laus jarðlög og jarðgrunnur hafa ekki sterka verndarstöðu í lögum um náttúruvernd en eru engu að síður mikilvægur hluti fyrir jöklunarsögu svæða og fyrir jarðsögu landsins. Ekki er hægt að endurheimta setlög og landform ef þeim hefur verið raskað.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is written in a cursive style with a long, sweeping flourish at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur





Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Djúpivogur, 27. mars 2024
MÍ202403-0024/ 6.07 / P.E.H.

Efni: Gilsárvirkjun, Múlaping - kynning matsáætlunar

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um kynningu matsáætlunar vegna Gilsárvirkjunar (mál nr. 226/2024). Hægt var að hlaða niður matsáætluninni en hún er dagsett 27.02.2024).

Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðapinghá í Múlapingi. Framkvæmdin felur í sér 6,7MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar allt að 3,0 m³/s rennsli með 277m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 6.100m langrar aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnispörf er 60.000m³ og gert er ráð fyrir fá það efni úr námum í dalnum.

Með þessum áformum verður Gilsá virkjun frá 361 m.y.s. í Gilsárdal að stöðvarhúsi í 84 m.y.s. rétt ofan Nykurfossa ofan Ormsstaða og Gilsárteigs I og II. Reist verður lág inntaksstífla um 1,2km ofan ármóta Innri-Lambadalsár og Gilsár. Hliðarinntak verður í Innri-Lambadalsá, en þaðan verður lögð um 280m löng safnlögn að þrýstipípu. Einnig verður hliðarinntak í Ytri-Lambadalsá með 580m langri safnlögn að þrýstipípu. Gerður verður nýr vegur að stöðvarhúsi en jafnframt verður gerður vegur meðfram pípu frá stöðvarhúsinu að inntaksstíflu. Sá vegur verður að mestu í núverandi slóða sem verður styrktur og gerður burðarhæfur. Nýjan slóða þarf að gera að hliðarinntaki auk þess sem gera þarf nánast nýjan slóða síðasta kílómetrinn að stífluninni. Ekki er gert ráð fyrir að hafa vinnubúðir á verkstað en reiknað er með færanlegum vinnuskúr með kaffistofu og snyrtingu á framkvæmdartíma.

Í kafla 3.3 kemur fram að leyfi Minjastofnunar Íslands þarf ef raska þarf fornleifum sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í kafla 4.4 er fjallað um hvaða umhverfisþættir verða skoðaðir og eru fornleifar þar á meðal.

Í kafla 4.4.7 er fjallað um fornminjar. Þar segir í textanum að fornleifafræðingur hafi kannað fornleifar á öllu framkvæmdarsvæðinu. Þar er auk þess fjallað um þá hættu sem fornleifunum kann að stafa vegna framkvæmdanna. Matspurningar eru: Hvaða fornminjar eru á

Þuríður Elísa
Harðardóttir
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

framkvæmdarsvæðinu og hvert er verndargildi þeirra auk þess sem spurt er hvort rask verði á fornminjum við framkvæmdir. Í lok kaflans kemur fram að þegar að fornleifar voru skráðar lá ekki fyrir nákvæm staðsetning efnistökusvæða og mannvirkja. Fornleifafræðingur verði því fenginn til að skoða þau svæði sem eftir á að skrá. Gert verður grein fyrir þeim niðurstöðum í umhverfismatsskýrslunni auk þess sem skýrslan sjálf verður viðhengi.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Eins og kemur fram í matsáætluninni vann Sagnabrunnur fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar virkjunarframkvæmda árið 2022 og birtust niðurstöður þeirrar skráningar í skýrslu; *Fornleifaskráning vegna virkjunarframkvæmda hjá Gilsá, Eiðabínghá, Múlþingi*. Við yfirferð málsins í tengslum við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar kom í ljós að úttektarsvæði þeirrar skráningar var lítið og að sú skráning náði ekki yfir allt framkvæmdarsvæðið. Byrjunarkafli í matsáætluninni í kafla 4.4.7 er örlítið villandi fyrir þær sakir að hann gefur til kynna að fornleifar hafi verið skráðar á öllu svæðinu.

Minjastofnun Íslands ítrekar að skrá þarf fornleifar á öllum svæðum þar sem jarðrask tengt framkvæmdinni er fyrirhugað. Þar á meðal eru efnistökusvæði og vegagerð. Í matsáætluninni kemur fram að vinna þurfi deiliskipulag vegna framkvæmdanna. Minjastofnun Íslands bendir á að við gerð deiliskipulags þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja að ná yfir allt deiliskipulagssvæðið. Mikilvægt er því að tryggja að þegar að fyrirliggjandi skráning er uppfærð að hún nái yfir allt deiliskipulagssvæðið. Minjavörður er reiðubúinn að leiðbeina varðandi hvaða svæði þarf að skrá sé þess óskað.

Í frummatsskýrslu þarf að sýna staðsetningu og útlínur fornleifa á korti/loftmynd ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja á framkvæmdarsvæðinu. Í frummatsskýrslu þarf einnig að fjalla um fornleifar á svæðinu, áhrif framkvæmdarinnar á þær og mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hyggst grípa til vegna fornleifa.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Í 2. mgr. 24. gr. sömu laga stendur einnig:

Ef forninjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Þuríður Elísa Harðardóttir". The signature is fluid and cursive, with the first name "Þuríður" being the most prominent.

Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Skipulagsstofnun
Bt. Jóns Ágústssonar
Borgartúni 5b
105 Reykjavík
jonagust@skipulag.is

Dags. 3. apríl 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2023-0229

Með erindi dags. 28. febrúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um áform Orkusölnunnar ehf. að byggja nýja vatnsaflsvirkjun ofarlega í Gilsá í Eiðarþinghá í Múlaþingi. Framkvæmdin sem um ræðir er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 6.100 m langrar aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnisþörf er 60.000 m³. Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun þessa.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði